

Kolbítur verður karlmaður

Fornaldarsögur og aðrar skemmtisögur segja oft frá börnum og ungmennum og gegnir ungur aldur þeirra mikilvægu hlutverki innan frásagnarinnar. Sögur af þessu tagi hafa ekki verið taldar „góðar heimildir“ um líf manna á fyrri tíð og lengi vel sýndu fræðimenn þeim lítinn áhuga því þær töldust ekki heldur „góðar bókmenntir“. ¹ Einar Ólafur Sveinsson leit svo á að við tilkomu þeirra hafi sjálf líftaug íslenskra bókmennta beðið skaða: „It is as if the very nerve of life is injured and we are gradually drawn into the dream-world of fantastic sagas, where the real hero is the *kolbítur*.“ ²

En fornaldarsögurnar voru vinsælar og líkt og aðrar skemmtisögur geta þær verið áhugaverð heimild um hugarfarar og því annað og meira en létt og yfirborðskennt afþreyingarefni. ³ Þannig bendir Einar Ólafur Sveinsson einnig á að riddarasögur geti verið „drauma ígildi“ og geti þannig líkt og draumar komið að gagni við að kanna sálir manna. ⁴

Flest bendir til þess að fornaldarsögur hafi ekki verið ritaðar fyrir en seint á 13. öld en Torfi H. Tulinius hefur leitt rök að því að sögurnar hafi verið um langt skeið í sköpun og jafnvel færðar í letur þegar á fyrri helmingi 13. aldar. ⁵ Engin handrit eru þó eldri en frá 14. öld. Heimildir greina frá því að frásagnir af svipuðum toga og fornaldarsögur hafi verið hafðar til skemmtunar og má ætla að þær

¹ Greinargott yfirlit um viðhorf manna til fornaldarsagna er hjá Else Mundal 2010, 25–35. Flest af því sem þar segir getur einnig átt við aðrar skemmtisögur.

² Einar Ólafur Sveinsson 1937–1938, 81.

³ Else Mundal 2010, 33. Í inngangi útgáfu sinnar á *Úlfhams sögu* bendir Aðalheiður Guðmundsdóttir á að meginhlutverk sögunnar hafi falist í skemmtana- og afþreyingargildi hennar en jafnframt hafi hún gegnt uppeldisfræðilegu hlutverki og haft boðskap fram að færa. Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001, ccxxviii.

⁴ Einar Ólafur Sveinsson 1956, 203–204.

⁵ Torfi H. Tulinius 1993, 173–188 og 2002, 46–63.

hafi verið mikilvægur þáttur í munnlegri sagnalist. Þýddar riddarasögur urðu hluti af norrænum sagnaarfi á tímabilinu frá miðri 13. öld og fram á þá fjórtánda og frumsamdar riddarasögur eru ritaðar á 14. og 15. öld. Hefð hefur skapast fyrir því meðal fræðimanna að skipa fornaldarsögum í einn flokk, þýddum riddarasögum í annan og frumsömdum riddarasögum í hinn þriðja. Þessi flokkaskipting hefur þó verið umdeild. Torfi H. Tulinius fjallar um þessa sagnahópa í einum kafla í *Íslenskri bókmenntasögu* og vill þar með draga fram að þær tilheyri sömu bókmenntahefð, bæði innanlands og utan og því sé ekki æskilegt að greina þær í sundur. Þannig flokkar hann saman „yngri“ fornaldarsögur og frumsamdar riddarasögur og kallar einu nafni íslensku rómönsuna.⁶ Aðalheiður Guðmundsdóttir hefur aftur á móti bent á að varðveitt handrit sýni að gerður hafi verið greinarmunur á fornaldarsögum og frumsömdum riddarasögum í handritum og tínir til fleiri röksemdir fyrir því að halda þeim aðgreindum. Hún telur takmarkaðan ávinning í því að flokka fyrrgreindar sögur saman.⁷

Kolbítar þeir, sem hér eru til umfjöllunar koma fyrir í öllum sagnategundunum þremur. *Áns saga bogsveigis*, *Ketils saga hængs* og *Göngu-Hrólfis saga* hafa verið taldar til fornaldarsagna og *Sigurðar saga þögla* er frumsamin riddarasaga. *Parcevals saga* er stytta þýðing á *Perceval* eða *Le Conte du Graal* eftir Chrétien de Troyes. Hvað sem líður ólíkum skoðunum fræðimanna á flokkun miðaldasagna eiga þessar sögur það sameiginlegt að þær segja frá drengjum á leið inn í heim fullorðinna.⁸

Í umfjöllun sinni um íslensku rómönsuna gerir Torfi H. Tulinius grein fyrir þeim andstæðu hetjuflokkum sem þar er að finna. Fyrri flokkinn fylla þeir sem hann kallar dæmigerðu rómönsuhetjuna, það er tiginn, sigursæll maður. Um hina hetjurgerðina segir Torfi:

⁶ Torfi H. Tulinius 1993, 167–245.

⁷ Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001, cxlvii.

⁸ Hér verður ekki fjallað um þjóðsögur en ljóst er að þær er talsvert samanburðarefni að finna, einkum í sögum af olnbogabörnum. Í Hauksbókartexta *Landnámabókar* (kap. 223) er dæmigerð kolbítislýsing í frásögninni af Oddi Arngeirssyni. Þó nokkrar kunnar Íslendingasagnapersónur eru enn fremur kolbítar í æsku en að þessu sinni er einungis fjallað um kolbíta innan fornaldar- og riddarasagna.

KOLBÍTUR VERÐUR KARLMADUR

[O]ftast er hún ekki fögur, nýtur sjaldan kvenhylli og sýnir holdlegum þætti ástarlífsins meiri áhuga en hinum andlega. Hún er yfirleitt ekki af höfðingjaættum, oftast komin af bændum í afskekktum sveitum nærri óbyggðum. Því er hún í sérstöku sambandi við náttúruöflin og þaðan fær hún afl sitt. Sem barn liggur hetja þessi oft í öskustónni, nagar viðarkolin og er kölluð fifl og kolbítur af karlmönnum á bænum, en ósjaldan heldur móðir hennar verndarhendi yfir henni. Þegar hún hefur náð fullorðinsaldri sýnir hún hvað í henni býr og heldur á vit ævintýranna.⁹

Torfi bendir réttilega á að kolbítar komi æði oft fyrir í íslenskum rómönsum og víðar í íslenskum miðaldabókmenntum. Hann les úr þessum frásögnum flókið samband Íslendinga við erlent konungsvald þar sem saman blandaðist hrifning og sjálfstæðisvilji. Þetta er áhugaverð túlkun og kolbíturinn Án í *Áns sögu bogsveigis* rís upp til að verða sá sem veitir óréttlátum konungi mótsþyrnu. Það má því vel vera að hér séu Íslendingar að máta sig við hugmyndir um konungsvald og hlutverk og stöðu konungþegns. Ármann Jakobsson hefur fjallað um skapandi áhuga höfundar *Morkinskinnu* á hirðsamfélaginu og vanda Íslendingsins við að fóta sig í þeim nýja heimi. Hann tekur dæmi af *Hreiðars þætti heimska*:

Þegar Hreiðar heimski hefur hringsólað um Magnús góða fær konungur að horfa á móti og söguhlýðendur með. Augun beinast að stórum og skítugum höndum Íslendingsins. Ekki er laust við að skíturinn leiði hugann að kolbítinum, ævintýrahetjunni sem að lokum vinnur hálf konungsríkið og prinsessuna. Slíkur kolbítur er Hreiðar en hnosið sem hann hlýtur er ekki prinsessa heldur vinátta konungs.¹⁰

Þó að Hreiðar sé ekki barn að aldri í upphafi *Hreiðars þáttar* er þátturinn eigi að síður þroskasaga hans. Kolbítarnir sem hér verður fjallað um eru börn þegar saga þeirra hefst og eiga eftir að vaxa inn í heim fullorðinna. Þeir eiga eftir að verða karlmenn.

Rannsóknir í kynjafræði hafa fremur snúist um kvenkyn en karlkyn. Þó hafa birst greinar og bækur um karlmenn og karlmennsku á

⁹ Torfi H. Tulinius 1993, 226–227.

¹⁰ Ármann Jakobsson 2002, 241.

miðöldum og virðist áhugi á þessu viðfangsefni vera að aukast.¹¹ Oft má sjá í þessum skrifum að höfundum finnst ástæða til þess að útskýra, og jafnvel réttlæta, hvers vegna þeir taka fyrir karlmennsku og svara ímynduðum efasemdarmanni sem spyr, já en höfum við ekki alltaf verið að því? En kynjafræðingar svara því til að þeir séu ekki að stíga skref afturábak, ekki að fjalla um karlkyn sem normið, heldur koma að karlmennsku og karlkyni á nýjan hátt fyrir áhrif kvenna- og kynjafræða undangenginna ára og áratuga.¹² Rannsóknir hafa ekki síst beinst að kyngervi miðaldamanna, hinu félagsmótaða kyni, sem tengist fremur völdum og stöðu en líffræðilegu kyni. Í orðinu kyngervi felst að kynið er eins og búningur sem hægt er að íklæðast til að sýna stöðu sína. Karlmennskan verður þá ekki skýrgreind út frá einstaklingnum heldur er hún hluti af leikmynd sem hann stígur fram í.¹³

Umræða um karlmennsku snýst iðulega upp í umræðu um stöðu eða vald. Carol Clover hefur kannað samspil valds og kynferðis í íslenskum miðaldabókmenntum. Hún bendir á að það hafi ekki tryggt körlum yfirráð sjálfkrafa að fæðast karlkyns heldur hafi þeir síendurtekið þurft að ávinna sér þau. Karlmenn hafi getað glatað karlmennskunni og konur áunnið sér eiginleika hennar. Karlmenn voru í meira álit en í staðinn urðu þeir sífellt að sanna sig og gæta sín á því sem gat ógnað karlmennsku þeirra.¹⁴

Fræðimenn sem rannsakað hafa karlmennsku á miðöldum hafa dregið fram hversu mikill fjölbreytileiki, nánast síbreytileiki, sé í ímynd karlmennsku á miðöldum. Karlmenn víkingatímans ferðast, ýmist til að versla eða berjast. Hlutverk karlanna er líkamlegt og hreyfanlegt, utan stokks. Þegar klausturmenning hefur skotið rötum og einlífi karla viðurkennt eru ekki lengur gerðar þær kröfur til allra karla að þeir séu sífellt að sanna karlmennsku sína, líkamlegan styrk

¹¹ Sjá m.a. Ármann Jakobsson 2000; Ásdís Egilsdóttir 1996; Cohen og Wheeler 2000; Helga Kress 1977; Hadley 1999; Lees 1994 og Meulengracht Sørensen 1980; Loks má nefna að allt heftið *Speculum* 68(2), 1993, var helgað umræðu um kynjafræði og þá einnig karlmennsku.

¹² Fenster 1994, xv–xxv.

¹³ Judith Butler (1990) hefur sett fram kenningar um kynferði og sjálfmynd sem hún nefnir gjörningskenningu (*performative theory*). Sjá einnig Gutterman 1994. Allen J. Frantzen (1993) hefur beitt kenningum Butler á miðaldatexta.

¹⁴ Clover 1993, 380–381.

og kynferðislega getu. Málið snýst ekki lengur eingöngu um kynlíf og ofbeldi.¹⁵ Vitsmunalegir yfirburðir verða þá þáttur í karlmennsku-ímyndinni. Hugmyndir riddaramennsku eru farnar að setja svip sinn á sögur 13. aldar. Riddarinn er reyndar skýrgreindur út frá hermennsku og frammistöðu í hernaðarleikjum. En hann er ekki aðeins bardagahetja, hann er þrúðmannlegur verndari kristni og kirkju, kvenna og þeirra sem minna mega sín.

Rannsóknir kynjafræðinga hafa meðal annars beinst að því hvaða hömlur kröfur um kynhlutverk settu konum, en karlar þurftu einnig að standa undir væntingum. Vern Bullough bendir á að skýrgreining á karlmennsku hafi verið breytileg eftir samfélögum og tímаскеiðum en þó megi setja fram eftirfarandi undirstöðuhlutverk:¹⁶

- 1) geta börn
- 2) vernda skjólstæðinga sína
- 3) ala önn fyrir sér og sínum

Ef menn brugðust í þessum skyldum var karlmennsku þeirra ógnað og þeim brigslað um kvenleika eða kvenlegan veikleika.¹⁷

Drengirnir í þeim sögum sem ég mun taka fyrir eiga að verða karlmenn og þurfa því að standast væntingar sem felast í karlmennsku-ímyndinni. Eins og fyrr greinir þá eru það aðrir karlmenn sem hæðast að kolbítum. Algengast er einnig að faðirinn hafni honum, eða sagt sé að hann hafi unnað honum lítið. Í greiningu sinni á *Úlfhams sögu* bendir Aðalheiður Guðmundsdóttir á dæmi sem sýni að sagan fjalli öðrum þræði um vandann við að vera/verða karlmaður. Þar telur hún karlmannlegan þroska birtast með þrennum hætti, sem andlegan, líkamlegan og kynferðislegan þroska. Skilningur tekur við af skilningsleysi og hugrekki af hugleysi. Líkamlegur þroski felst einkum í því að hreystiverk magnast og kynferðislegur þroski er staðfestur þegar áhugaleysi á konum snýst upp í leit að ástkonu eða væntanlegri brúði.¹⁸

¹⁵ McNamara 1994, 3–29.

¹⁶ Bullough 1994, 34.

¹⁷ Um þetta hef ég áður fjallað í óbirtum fyrirlestri frá 2004, „Ókarlmannlegur friðarsinni? Um *Máblíðingavísur* í *Eyrbyggja sögu*.“

¹⁸ Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001, ccxxviii–ccxxxix. Orðalagi er lítið eitt vikið við þannig að það geti átt við fleiri sögur.

Söguhetjan í *Ketils sögu hængs* er dæmigerður kolbítur í öskustó: „Hann var mikill vexti ok karlmannligr maðr ok ekki vænn. En þegar Ketill var nokkra vetra gamall, lagðist hann í eldahús. Þat þótti þá röskum mönnum athlægi, er svá gjörði.“¹⁹ Ennfremur segir:

Þat var vandi Ketilis, þá er hann sat við eld at hann hafði aðra hönd í höfði sér, en með annarri skaraði hann í eldinn fyrir kné sér. Hallbjörn bað hann eigi hafa hönd í höfði sér ok sagði at þá mundi batna með þeim.²⁰

Atferli Ketils gefur til kynna iðju- og sinnuleysi. hann svarar föðurnum ekki og hverfur að heiman í þrjár nætur. Þegar hann kom heim var hann með vel gerðan stól á bakinu sem hann gaf móður sinni, „ok kveðst henni meiri ást eiga at launa enn föður sínum.“²¹

Stóllinn tilheyrir innanstokksmunum og þannig heimi móðurinnar. Eftir að Ketill hefur sannað líkamlegan styrk sinn með dugnaði í heyskap vill faðirinn að hann taki við af sér en Ketill segist ekki vilja gera það. Hann er enn ekki reiðubúinn. Faðirinn gefur honum þá exi, mikilvægan leikmun fyrir karlmennskuhlutverkið. Karlmennskupróf Ketils verður drekadráp með öxinni: „Dreki sjá sótti at honum en Ketill varðist með öxinni vel ok karlmannliga.“²² Eftir það metur faðirinn hann að verðleikum.

Hrólfur Sturlaugsson í *Göngu-Hrólfs sögu* var:

[M]anna mestr, bæði at digurð ok hæð ok svá þungr at engi hestr fékk hann borit allan dag ok var hann því jafnan á gaungu. Manna var hann vænstr at yfirlit. Ekki var hann siðblendinn við alþýðu, fór lítt með gleði og skemtan, utan helzt þótti honum gaman at fara í skotbakka ok vera at burtreiðum. Var hann svá þungr ok sterkr at enginn kom honum úr söðli en ófimlega bar hann vopn fyrir sik og aldri bar hann vopn. Bæði var hann meinlaus og gagnlaus flestum mönnum. Ekki var Hrólfur líkr bræðrum sínum ok var jafnan fátt með þeim.²³

¹⁹ *Fornaldarsögur Norðrlanda* II 1829–1830, 109.

²⁰ *Fornaldarsögur Norðrlanda* II 1829–1830, 109.

²¹ *Fornaldarsögur Norðrlanda* II 1829–1830, 109.

²² Viðureign við dreka er algeng birtingarmynd prófraunar karlmennsku. Sjá Ásdís Egilsdóttir 1999 og þar tilvitnuð rit.

²³ *Fornaldarsögur Norðrlanda* III 1829–1830, 249.

Þó að hann leiki sér eins og ungir menn eiga að gera er hann klaufskur og bræður hans sniðganga hann. Faðirinn hefur litla trú á Hrólfi:

Svá lízt mér á þik sem lítil muni þín afdrif verða. Heyrir meir konu en karlmanni at hafa þvílíkt framferði sem þú hefir. Því þykki mér ráðligt að þú kvænist og setist í bú og gerir þik at kotkarli í afdal nokkurum þar engi maðr finnr þik ok al þar þinn aldr svá lengi sem auðit verðr.²⁴

Ljóst er að faðirinn vill koma syninum að heiman og fá hann til þess að sanna karlmennsku sína. Hrólfur svarar: „Eigi mun ek búa ok eigi kvænast því konur skulu mér ekki.“²⁵ Faðirinn reynir þá að ýta honum út í hernað og fá honum skip en Hrólfur svarar: „mér mun ok ekki orrosta heyra því ek þori eigi mannsblóð at sjá.“²⁶

Í öllum tilsvörum Hrólfs kemur fram að hann er ekki tilbúinn til þess að takast á við karlmenskuna. Orðaskipti þeirra feðga verða til þess að Hrólfur fer burt en umhyggja móðurinnar kemur fram í því að hún gefur honum kápur sem engin járn bíta og eitur fær ekki heldur grandað. Hrólfur kveður engan þegar hann fer og segir þannig skilið við móðurina: „Ekki er þess getið að Sturlaugur gæfi sér um burtferð Hrólfs.“²⁷ Hrólfur staðfestir síðan karlmennsku sína í bardögum og eignast kvonfang í lokin.

Tveir bræður koma við sögu í *Áns sögu bogsveigis*. Sá eldri er fyrirmyndarsonur og orðinn hirðmaður þegar sagan hefst. Án, yngri bróðirinn, er ekki eins vel heppnaður:

[H]ann var snemma mikill vexti ok ekki vænn ok heldr seinligr, en um afl hans var mönnum ekki kunnigt þvíat hann reyndi þat aldri. Heldr þótti hann heimsligr. Lítit ástríki hafði hann af feðr sínum en móðir hans unni honum mikit. Ekki þótti mönnum hann vera líkr um neitt hinum fyrrum frændum sínum sem var Ketill hængr ok aðrir Hrafnistumenn, nema á vöxt. Ekki lagðist Án í eldaskála en þó var hann afglapi kallaðr af sumum mönnum. Við aungvar vandist hann íþróttir. Leið svá fram þar til að hann var níu vetra. Hann var þá ekki minni en Þórir, bróðir

²⁴ *Fornaldarsögur Norðrlanda* III 1829–1830, 249.

²⁵ *Fornaldarsögur Norðrlanda* III 1829–1830, 249.

²⁶ *Fornaldarsögur Norðrlanda* III 1829–1830, 250.

²⁷ *Fornaldarsögur Norðrlanda* II 1829–1830, 251.

hans. Hann var harðla ósinniligr. Lítt var hann ok settr at klæðum, þvíat úti voru á honum bæði kné ok olbogar.²⁸

Skil verða í sögunni þegar hann hverfur að heiman tólf ára gamall. Hann hittir dverg, tekst að vígja hann utan steins og fær hjá honum örvar. Án gefur dvergnum síðan skotsilfur sem hann hafði fengið hjá móður sinni og færir dvergurinn honum þá stól: „Stól vænan gaf dvergurinn Án. Síðan fór hann heim ok bar stólinn á baki sér. Hlógu menn þá mjök at honum. Án gaf móður sinni stólinn ok kveðst henni eiga best at launa.“²⁹

Karlmaðurinn Án er lengi að verða til. Átján ára gamall vill hann fara á fund konungs. Bróðir hans reynir með ýmsu móti að koma í veg fyrir það en allt kemur fyrir ekki. Í samskiptum þeirra bræðra kemur skýrt fram að Án vill ekki láta meðhöndla sig eins og barn:

Án mælti: ekki muntu hræða mik sem sprotabörn ok at þú vitir hvers ek á kosti við þik þá skaltu nú sjá þat. Án þreif þá til Þóris ok brá honum á lopt ok hristi hann sem barn ok mælti: sjá nú hvat þú átt undir þér ef okkr þikir eigi einn veg. Hann lét hann þá lausan ok sá Þórir þá hvert efni í mannum var.³⁰

Hér hefur Án stigið fyrsta skrefið frá bernsku til karlmennsku. Hann fær nýjan klæðnað sem dugir þó enn ekki til þess að bæta ímynd hans og hann er ósiðblendinn.

Orðaleikur um kynferði og karlmennsku kemur fram þegar Án segist í vísu þreyja að þegni: „En ek at þegni / þrey nátt sem dag.“³¹ Þórir bróðir hans býðst þá til að gefa honum sverð sitt Þegn en Án segist ekki þreyja að þeim þegni. Þetta gefur hirðmanninum Katli sem er uppsigað við Án tækifæri til þess að lítillækka hann kynferðislega: „ek ætla at þú þreyir at karlmanni nökkurum ok villtu serða hann.“³² Án svarar því til að hann hafi átt við bróður sinn, sem sé grunnhygginn og trúi konungi sem eigi eftir að verða banamaður hans. Mann-

²⁸ *Fornaldarsögur Norðrlanda* II 1829–1830, 326–327.

²⁹ *Fornaldarsögur Norðrlanda* II 1829–1830, 327.

³⁰ *Fornaldarsögur Norðrlanda* II 1829–1830, 328–329.

³¹ *Fornaldarsögur Norðrlanda* II 1829–1830, 336.

³² *Fornaldarsögur Norðrlanda* II 1829–1830, 337.

dómspróf Áns í líkamlegu atgervi felst í skotfimi og koma þá örvar dvergsins við sögu.

Illgjarni hirðmaðurinn Ketill og Án áttu enn eftir að eigast við. Ketill þykist vera Án, beiðist gistingar á bæ einum og vill að dóttir bónda fylgi með. Þegar Án kemur sjálfur á bæinn hendir hann Katli út og kvað vísu um leið:

Þat muntu finna
er þú flór mokar
at þú eigi ert
Án bogsveigir
Þú ert brauðsveigir
heldr en bogsveigir
ostasveigir
en eigi álmsveigir.³³

Án gefur þannig til kynna að Ketill ráði betur við brauð og osta fremur en boga. Það er nóg niðrandi út af fyrir sig að matur sé meira á meðfæri karls en vopn. Dagný Kristjánsdóttir hefur fjallað um tákna- ræna merkingu matar og byggir þar meðal annars á rannsóknum mannfræðingsins Elisabeth L'Orange Fürst á matarvenjum í samfélagi Hua-þjóðflokksins í Nýju-Gíneu. Samkvæmt þeim er karlmannlegur matur þéttur, þurr og afmarkaður en kvenlegur matur safaríkur, blautur og mjúkur. Osturinn, mjólkurmaturinn, er kvennamatur.³⁴ Ketill verður rækilega sviptur karlmennsku á eftir því hann missir bæði augu og eistu í viðureigninni við Án.³⁵

En þó að Án sé búinn að sannreyna krafta sína og skotfimi þarf hann enn að sanna sig í umgengni við hitt kynið. Stúlkan Drífa gerir grín að klæðnaði hans. Honum er sjálfum lýst sem karlmannlegum en klæðnaðurinn er afkáralegur. Kynni hans við Drífu verða þó til þess að hún fæðir honum son sem kemur fram í lok sögunnar og Án eignast kvonfang.

³³ *Fornaldarsögur Norðrlanda* II 1829–1830, 341.

³⁴ Dagný Kristjánsdóttir 1999, 303–304. Dagný bendir á *Njáls sögu*, kap. 49, þar sem Hallgerður fær Melkólf til þess að stela smjöri og osti úr Kirkjubæ og ber síðan þennan „kvennamat“ á borð fyrir Gunnar og vini hans. Við þetta má bæta frásögn af áti þeirra Þorgeirs og Butralda í *Fóstbræðra sögu*, 6. kap.

³⁵ Hvort tveggja lýsir geldingu Ketils, sbr. Capellanus 1964, 33–34, þar sem fram kemur að blindur maður sé ófær til ásta.

Sturlaugs saga starfsama greinir frá efnilegum fóstbræðrum, Sturlaugi og Áka. Þeir lékust við barnleikum, segir sagan, og námu íþróttir. Ingólfur, faðir Sturlaugs, minnir þá fóstbræður á að bernskan sé á enda með eftirfarandi eggjunarorðum:

Hversu lengi skal svá fram fara [sagði hann], at þið fóstbræðr leikizt barnleikum við sem meyar til manna? Væri þat heldr röskra drengja siðr at fremja nokkut til frama, eðr biðja sér kvenna at minnsta kosti ok setjast í bú ok stýra ríki ok fé með föður sínum.³⁶

Þegar Sturlaugur fer í bónorðsför minnir brúðurin tilvonandi hann á að hann þurfi að sanna sig og staðfesta karlmennsku sína: „fyrir hví munda ek eiga þann mann er jafnan vinnr búverk með móður sinni ok gerir ekkert til frama.“ Sturlaugur þarf að hverfa frá móðurinni út í heim karlmannna þar sem hreystiverkin eru unnin.

Þýska riddarasagan *Parcevals saga* er um margt skyld áður nefndum sögum. Eins og Álfrún Gunnlaugsdóttir hefur bent á er ljóst að kvæðið sem þýtt var úr *Le Conte du Graal*, og lokin vantar á, hafi átt að vera þroskasaga ungs manns. Hún bendir ennfremur á að þroskasaga *Parcevals* í sögunni sé ekki tengd trúnni á sama hátt og í kvæðinu.³⁷ Álfrún telur að afritarar beri ábyrgð á upphafslínunum norrænu sögunnar þar sem segir: „Svá byrjar þessa sögu at karl bjó ok átti sér kerlingu.“³⁸ Þetta upphaf stingur í stúf við heim riddarasagna og er skyldara þeirri sagnahefð sem fram að þessu hefur verið til umræðu.

Parceval lærði að fara með vopn, en þó eru vopn riddara honum framandleg þegar hann sér þau í fyrsta sinn og klæðnaður hans undirstrikar að hann er ekki enn búinn að eignast þann búnað sem hæfir hinum fullorðna riddara. Móðirin reynir að hindra soninn í að verða riddari eins og faðir hans. Úrtöluorð móðurinnar ganga út á að hann valdi ekki hlutverkinu: „þú vil vápna beiðast ok kannt ekki vápna bera; ofveykr verðr þú í vápna skipti.“³⁹ En ráðin sem hún gefur honum við viðskilnað þeirra endurspeglar karlmenskugildi riddarans, tryggð,

³⁶ *Fornaldarsögur Norðrlanda* III 1829–1830, 594–595.

³⁷ Álfrún Gunnlaugsdóttir 1984, 226, 232.

³⁸ *Riddarasögur* 1872, 3. Álfrún Gunnlaugsdóttir 1984, 234.

³⁹ *Riddarasögur* 1872, 4.

visku og virðingu fyrir konum. Viðskilnaðurinn við móðurina markar skil í sögunni: „Ok er hann leit aptr sá hann móður sína liggja í úviti. En hann gaf ekki gaum að því.“⁴⁰

Parcevals saga er annarskonar saga en fornaldarsögurnar, sem áður hefur verið minnst á, þar sem ríkja gildi trúar og riddarahugsjónar og skeytingarleysi Parcevals um móður sína er synd. Engu að síður er þessi dramatíski viðskilnaður við móðurina nauðsynlegt skref inn í heim riddarans og þar með karlmennskunnar.

Í *Sigurðar sögu þögla* er söguhetjan seinþroska drengur þegar saga hans hefst:

Sigurður þótti ekki bráðger í uppvexti sínum. Þótti mönnum sem hann mundi fátt skynja það er menn höfðust að. Þá er hann var sjö vetra gamall hafði engi þá heyrt hann tala. Því virði kóngur og aðrir menn út í frá hann eitt fól, þat er hvorki mundi fá mál né minni og lagði kóngur á hann mikla órækt. En drottning unni honum mest allra sinna barna og kveðst hyggja at eigi mundi hann afgangi prófast áður en hann endi sína ævi.⁴¹

Honum er komið í fóstur og er talinn mállaus. Mikilvægur þáttur í þroska og samfélagslegri viðurkenningu Sigurðar er að hann sannar að hann getur talað og talar þá fleiri en eitt mál. Hann öðlast þannig bæði vit og styrk. Fyrsta afreksverk hans, og þar með manndómspróf, þegar hann fer frá fóstura sínum er að drepa dreka og loks tekst honum að vinna meykónginn Sedetíönu og þar með er karlmennska hans fullkomnuð.

Þær söguhetjur sem hér hefur verið fjallað um eru drengir og æskumenn sem eru ýmist taldir seinþroska eða standa ekki undir væntingum. Meðal áheyrenda þeirra skemmtisagna sem hér hafa verið til umræðu má ætla að hafi verið einhverjir sem hafa getað sett sig í þeirra spor eða þeirra sem ólu þá upp og vonuðu að úr myndi rætast. Fyrst og fremst sýna sögurnar þó vandann við að verða karlmaður. Sögurnar greina frá því að búningurinn fyrir hlutverkið er kominn. Drengurinn eða æskumaðurinn er oft stór vexti en stór líkaminn er eins og flík sem passar honum ekki enn. Kolbíturinn er hændur að móður sinni og nýtur ástríkis hennar en viðskilnaður við hana er

⁴⁰ *Riddarasögur* 1872, 5.

⁴¹ *Late Medieval Icelandic Romances* II 1963, 98.

grundvallaratriði í þroska hans. Drengur sem heldur sig á yfirráðasvæði móður er á röngum stað og þarf að brjóta sér leið þaðan. Framvindu sögunnar er ætlað að lýsa því hvernig söguhetjunni tekst að ganga inn í það hlutverk sem sveinbarni er ætlað og leysa það þannig af hendi að aðrir karlmenn hlæja ekki lengur að honum og kalla kolbít.

Heimildir

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. 2001. Inngangur að *Úlfhams sögu*, xiii–cclxxxi. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.
- Álfrún Gunnlaugsdóttir. 1984. „Um Parcevals sögu.“ *Gripla* IV: 218–240.
- Ármann Jakobsson. 2000. „Ekki kosta munur. Kynjasaga frá 13. öld.“ *Skírnir* 174: 21–45.
- Ármann Jakobsson. 2002. *Staður í nýjum heimi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ásdís Egilsdóttir. 1996. „Kvendýrlingar og kvenímynd trúarlegra bókmennta á Íslandi.“ Í *Konur og kristmenn: Þættir úr kristnisögu Íslands*, ritstj. Inga Huld Hákonardóttir, 93–116. Reykjavík: Háskólaútgáfan. [Einnig í þessu riti, bls. 181–202.]
- Ásdís Egilsdóttir. 1999. „Drekar, slöngur og heilög Margrét.“ Í *Heiðin minni. Greinar um fornar bókmenntir*, ritstj. Haraldur Bessason og Baldur Hafstað, 241–256. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.
- Ásdís Egilsdóttir. 2004. „Ókarlmannlegur friðarsinni? Um Máhlíðingarvísur í Eyrbyggja sögu.“ Fyrirlestur fluttur á *Möguleikar karlmennskunnar*, Rannsóknastofa í kynjafræðum, Háskóla Íslands, Reykjavík, 5.–6. mars.
- Bullough, Vern. 1994. „On Being a Male in the Middle Ages.“ Í *Medieval Masculinities: Regarding Men in the Middle Ages*, ritstj. Clare A. Lees, 31–45. Minneapolis: University of Minnesota Press.
- Butler, Judith. 1990. *Gender Trouble. Feminism and the Subversion of Identity*. London and New York: Routledge.
- Capellanus, Andreas. 1964. *The Art of Courtly Love*. New York: Columbia University Press.
- Clover, Carol. 1993. „Regardless of Sex, Men, Women, and Power in Early Northern Europe.“ *Speculum: A Journal of Medieval Studies* 68(2): 363–387.
- Cohen, Jeffrey Jerome og Bonnie Wheeler, ritstj. 2000. *Becoming Male in the Middle Ages*. New York and London: Garland Publishing.
- Dagný Kristjánsdóttir. 1999. *Undirstraumar: Greinar og fyrirlestrar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Einar Ólafur Sveinsson. 1937–1938. „The Icelandic Family Sagas and the Period in which their Authors Lived.“ *Acta Philologica Scandinavia* 12: 71–90.
- Einar Ólafur Sveinsson. 1956. „Um rímur fyrir 1600 og fleira.“ Í *Við uppsprettur: greinasafn*, 200–217. Reykjavík: Helgafell.

KOLBÍTUR VERÐUR KARLMADUR

- Fenster, Thelma. 1994. „Why Men?“ Í *Medieval Masculinities: Regarding Men in the Middle Ages*, ritstj. Clare A. Lees, ix–xiii. Minneapolis: University of Minnesota Press.
- Fornaldarsögur Nordrlanda: eptir gömlum handritum*. 1829–1830. Útg. Carl Christian Rafn. Kaupmannahöfn.
- Frantzen, Allen J. 1993. „When Women Aren’t Enough.“ *Speculum: A Journal of Medieval Studies* 68(2): 445–471.
- Gutterman, David S. 1994. „Postmodernism and the Interrogation of Masculinity.“ Í *Theorizing Masculinities*, ritstj. Harry Brod og Michael Kaufman, 219–238. Thousand Oaks, CA: Sage Publications.
- Hadley, D.M., ritstj. 1999. *Masculinity in Medieval Europe*. London og New York: Longman.
- Helga Kress. 1977. „Ekki höfu vér kvennaskap. Nokkrar laustengdar athuganir um karlmennsku og kvenhatur í Njálu.“ Í *Sjötiú ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktsyni 20. júlí 1977*, ritstj. Einar G. Pétursson og Jónas Kristjánsson, 293–313. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Late Medieval Icelandic Romances II*. 1963. Útg. Agnete Loth. 21. bindi í *Editiones Arnarnæanæ: Series B*. Kaupmannahöfn: Arnarnæanske institut.
- Lees, Clare A. 1994. Inngangur að *Medieval Masculinities: Regarding Men in the Middle Ages*, ritstj. Clare A. Lees, xv–xxv. Minneapolis: University of Minnesota Press.
- McNamara, Jo Ann. 1994. „The *Herrenfrage*. The Restructuring of the Gender System, 1050–1150.“ Í *Medieval Masculinities: Regarding Men in the Middle Ages*, ritstj. Clare A. Lees, 3–29. Minneapolis: University of Minnesota Press.
- Meulengracht Sørensen, Preben. 1980. *Norrønt nid. Forestillingen om den umandige mand i de islandske sagaer*. Odense: Odense Universitetsforlag.
- Mundal, Else 2003. „Fornaldarsögene — vurderinga og vurderingskriteria.“ Í *Fornaldarsagornas struktur og ideolog: Handlingar frá ett symposium*, ritstj. Ármann Jakobsson, Annette Lassen og Agneta Ney, 25–35. Uppsala: Uppsala universitet.
- Riddarasögur. Parcevals saga, Valvers þátr, Ívents saga, Mírmans saga*. 1872. Útg. Eugen Kölbner. Strassburg: Trübner.
- Torfi H. Tulinius. 1993. „Kynjasögur úr fortíð og framandi löndum.“ Í *Íslensk bókmenntasaga II* ritstj. Vésteinn Ólason, 167–245. Reykjavík: Mál og menning.
- Torfi H. Tulinius. 2002. *Matter of the North: The rise of literary fiction in thirteenth-century Iceland*. Odense: Odense Universitetsforlag.